



	Staðall	Niðurstöður
Prýstistyrkur	ASTM C 579	135 N/mm ²
Togþol	ASTM C 307	46 N/mm ²
Beygjuþol	ASTM C 580	34 N/mm ²
Harka	ASTM C 2240	89 SHORE D
Viðloðun	ASTM C 4541	5,8 N/mm ²
Vatnspéttleiki	ASTM C 413	0,005%
Brunaþol	BS 476 PT-7	CLASS 3
Slitþol	ASTM D 4060 CS-17 Hjól	50 mg Hám, þyngdartap 1000hrs/1000g

Notkunarstaðir:

- Bílskúra
- Verðslanir og lagerhúsnæði
- Eldhús og bakarí
- Snyrtingar og búningsklefa
- Fiskvinnslur og kjötvinnslur

500 GÓLF hentar á gólf þar sem álag er í meðallagi. 500 GÓLF er samskeytalaust gólfefni sem hefur gott slit og efnaþol.

Efnislýsing:

500 GÓLF er þriggja þátta epoxy fjölliðuefni sem lagt er samskeytalaust. Það samanstendur af glæru og lituðu epoxy bindiefni og kvarssandi. Efnið fæsti í eftirfarandi litum : gulur, grár, grænn og blár.

500 GÓLF samanstendur af eftirfarandi þáttum.

1. Tveggja þátta epoxy grunnur sem ætlaður er fyrir undirlag sem hefur verið demantsslípað eða blastrac hreinsað.
2. 500 epoxy bindiefni / kvartsmassa.
3. 500 epoxy lakki.

Til athugunar:

Gólfefnið er háglansandi fyrst eftir lögn þess og glampar því alltaf á gólfefnið þar til það mattast af sjálfu sér við notkun. Bent skal á að loka árangur varðandi áferð fer að verulegu leyti eftir hve slétt og gott undirlagið er.

Lagning 500 GÓLF efna er vandasamt verk og ætti því einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnið að fara. SS Gólf er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

Eiginleikar:

Hörðunartími miðað við 20°C:

- Gangandi umferð: 18 klst
- Umferð: 48 klst
- Fullt álag: 7 dagar



Vinnsluferli:

Áður en 500 GÓLF er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. 500 GÓLF er ekki hægt að leggja með góðum árangri nema á slétt og óskemmt yfirborð.
2. Undirlag verður að vera meira en 25N/mm að brotstyrk.
3. Hlutfallsraki verður að vera minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Lofthiti verður að vera meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning 500 GÓLF efna samanstendur af eftirfarandi verkliðum:

1. Vandaður undirbúningur og hreinsun eins og kostur er. Það er grundvöllurinn fyrir góðum árangri.
2. Flötur grunnaður með lituðu epoxy bindiefni með rúllu eða spaða á nýhreinsaðan gólflötinn. Yfirborð sandstráð.
3. 500 GÓLF efni lagt með lituðu epoxy bindiefni og látið ná nægjanlegri hörku til frekari vinnslu.
4. Flötur fylltur með glæru epoxy bindiefni.
5. Flötur lakkaður með háglans epoxy bindiefni.
6. Flötur látinn þorna í 24-30 klst. við 20°C áður en léttari umferð er hleypt á það.